

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga ..	kr.	32 700
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	10 900
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	10 900
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) ..	—	10 900
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	—	1 600
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	15 000
7. Fyrir fjármark	—	2 900
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	—	1 600
9. Fyrir innköllun	—	15 000
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	5 400
11. Fyrir einkaleyfisunsókn	—	5 400
12. Fyrir ógildingarstefnu	—	15 000
13. Fyrir dómsbirtingu	—	15 000
14. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrar ..	—	8 500

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 1 265 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. ágúst 1980. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 227 29. apríl 1980 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. júlí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.